



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



Könnun meðal eldra fólks í Sveitarfélaginu Vogum

Erla Karlsdóttir, Elísabet Karlsdóttir og Halldór S. Guðmundsson

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Unnið fyrir Sveitarfélagið Voga

September 2012

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

ISBN: 978-9935-9075-2-3

Útgáfuár, september, 2012

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

www.rbf.is

Efnisyfirlit

Þjónusta við eldra fólk í Vogum	2
Heimsendur matur	2
Heimaþjónusta	3
Þjónustumiðstöð í Álfagerði	3
Húsnæðismál eldra fólks	3
Fararmáti	3
Félag eldri borgara á Suðurnesjum (FES)	3
Heimahjúkrun	4
Aðferð	5
Þátttakendur	5
Mælitæki	5
Framkvæmd	6
Niðurstöður	7
Bakgrunnur þátttakenda	7
Þjónusta sveitarfélags við eldra fólk í Vogum	8
Húsnæðismál	11
Félag eldri borgara á Suðurnesjum (FES)	12
Heimahjúkrun	13
Félagsleg samskipti og lokaorð þátttakenda	13
Umræða	14
Heimildir	16
Viðauki A	17
Viðauki B	31
Viðauki C	32

Á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga á Vatnsleysuströnd snemma árs 2012 var bæjarstjóra falið að hefja undirbúning á úttekt á viðhorfi og aðstæðum eldri borgara í sveitarfélaginu. Haft var samband við Halldór Sig Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Halldór hefur víðtæka þekkingu á málaflokknum og lagði til að gerð yrði símakönnun á meðal allra eldri borgara í Vogum, um 90 talsins, en vegna smæðar hópsins var ákveðið að könnun yrði gerð í þýði (þ.e. öllum hópnum) (Ásgeir Eiríksson munnleg heimild, 12. júní 2012).

Þetta verkefni var samstarf á milli Sveitarfélagsins Voga og Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðilar voru Elísabet Karlsdóttir, framkvæmdastjóri RBF og Halldór Sig Guðmundsson lektor og stjórnarmaður í RBF. Erla Karlsdóttir, nemi við Sálfræðideild Háskóla Íslands, var ráðin í byrjun júní 2012 til þess að annast verkefnið, það er gerð spurningalista, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif undir handleiðslu ábyrgðaraðila.

Markmið verkefnis var að kanna viðhorf eldra fólks til þjónustu í Sveitarfélaginu Vogum, fá fram mat notenda á aðstæðum þeirra, þjónustunni sem þeir nýta og þörf þeirra fyrir frekari þjónustu. Einnig var markmiðið að fá ábendingar og tillögur um þá þjónustu sem var í boði sem og þá þjónustu sem skorti. Þjónusta ríkis við eldra fólk í Vogum var könnuð lítillega, það er heimahjúkrun. Að auki var kannað viðhorf þátttakenda til Félags eldri borgara á Suðurnesjum. Áformað var að nýta niðurstöður könnunarinnar við stefnumótun í málefnum eldra fólks í sveitarfélaginu.

Byrjað var á að gera úttekt á stöðu þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið Vogar veitir eldra fólki, starfsemi Félags eldri borgara á Suðurnesjum og heimahjúkrun Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Þjónusta við eldra fólk í Vogum

Heimsendur matur

Allir íbúar Sveitarfélagsins Voga sem eru orðnir 67 ára eiga kost á því að fá heimsendan heitan mat í hádegini, alla virka daga. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans í Vogum, Stóru-Vogaskóla, en þar er einnig eldaður matur fyrir leikskólann í Vogum. Leikskólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði um heilsuleikskóla og er tekið mið af því við matargerð en allur matur er eldaður frá grunni á staðnum. Heimsending á hádegismat hefst um klukkan 11:30.

Þessa þjónustu er hægt að sækja um á bæjarskrifstofunni í Vogum. Hver matarbakki kostar 570 krónur og er sendingarkostnaður innifalinn (Ásgeir Eiríksson munnleg heimild, 13. ágúst 2012).

Heimaþjónusta

Félagsmálanefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga fer með yfirstjórn félagslegrar heimaþjónustu fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Félagsmálastjóri Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga sér að öðru leyti um daglegan rekstur þjónustunnar. Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla þjónustuþega til sjálfshjálpar og stuðla að því að viðkomandi geti búið sem lengst í heimahúsum. Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að aðstoða við heimilishald og persónulega umhirðu, sem og að veita félagslegan stuðning. Sú félagslega heimaþjónusta sem er veitt í Vogum er í samræmi við VII kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 15. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Félagsleg heimaþjónusta er að öllu jöfnu veitt á dagvinnutíma frá klukkan 9:00 til klukkan 17:00, mánudaga til föstudaga (Sveitarfélagið Vogar, 2007).

Þjónustumiðstöð í Álfagerði

Í Álfagerði er þjónustumiðstöð og íbúðir fyrir eldri borgara í Vogum. Sveitarfélagið Vogar sér um starfsemina sem fer fram í þjónustumiðstöðinni. Veturinn 2011-2012 fól starfið í sér að hópur eldra fólks hittist á hverjum miðvikudegi, spilaði félagsvist og fékk kaffi og bakkelsi. Farin var vorferð á þessu ári en ekkert félagsstarf var í Álfagerði í sumar. Félagsstarfið var í höndum fastráðins starfsmanns, en yfirmaður hans er frístunda- og menningarfulltrúi Sveitarfélagsins Voga. Upplýsingarit, eða dagskrá félagsstarfsins lá ekki fyrir og var ekki á heimasíðu sveitarfélagsins (Sveitarfélagið Vogar, 2008; Ásgeir Eiríksson munnleg heimild, 20. júní 2012).

Húsnæðismál eldra fólks

Búmenn hsf. býður íbúum Voga, 50 ára og eldri, þann kost að sækja um íbúðir í eigu Búmannna, sem eru samtals 29 talsins í Vogum. Í Álfagerði eru alls 13 íbúðir sem Búmenn hsf. eiga og eru ætlaðar bæði einstaklingum og pörum. Íbúðirnar í Álfagerði eru í sömu byggingu og þjónustumiðstöðin. Í Vogum eru 16 íbúðir Búmannna utan Álfagerðisíbúðanna. Íbúar Voga, 50 ára og eldri, eiga kost á að sækja um þessar íbúðir, kaupa búseturétt í þeim og greiða allan rekstrarkostnað (Búmenn, e.d.).

Fararmáti

Fjórum sinnum á dag, alla virka daga, fer bíll frá Gamla pósthúsinu í Vogum upp að mislægum gatnamótum við Vogabraut og Reykjanesbraut. Ferðir úr Vogum eru skipulagðar í samráði við SBK hópferðir og áætlanir þeirra. Bíll úr Vogum bíður hámark fimm mínútur á vegamótunum. Frítt er í ferðir til Keflavíkur, Sandgerðis og Garðs fyrir alla íbúa Voga. Sveitarfélagið greiðir niður fargjöld til höfuðborgarsvæðisins (Sveitarfélagið Vogar, e.d.).

Félag eldri borgara á Suðurnesjum (FES)

Félag eldri borgara á Suðurnesjum eru frjáls félagssamtök fólks 60 ára og eldra á öllum Suðurnesjum. Félagið býður félagsmönnum bingo og bridge í félagsmiðstöð félagsins á

Nesvöllum í Reykjanesbæ en Lionsklúbburinn í Njarðvík sér um félagsvist fyrir félagsmenn í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Innan félagsins er starfandi kór og púttklúbbur, auk þess sem félagið stendur fyrir samkomum á borð við leikhúsfærðir og ferðalög bæði innanlands og erlendis fyrir félagsmenn. Dagskrá FES er unnin af félaginu og Tómsundastarfi eldri borgara í Reykjanesbæ (Tómsundastarf aldraðra Reykjanesbæ, e.d.).

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun veitir hjúkrunar- og lækniþjónustu í heimahúsum á öllum Suðurnesjunum. Markmið heimahjúkrunar er að gera fólki kleift að búa heima sem lengst við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir veikindi og/eða skerta færni. Við heimahjúkrun starfa hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar.

Beiðni um heimahjúkrun getur komið frá notandanum sjálfum, aðstandendum, sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Vinnutími starfsfólks heimahjúkrunar er frá klukkan 08:00 - 14:00 hjá sjúkraliðum og frá klukkan 08:00 - 16:00 hjá hjúkrunarfræðingum, alla daga vikunnar. Kvöldþjónusta er frá klukkan 18:00 - 22:00 þar sem lágmarksþjónusta er sinnt af sjúkraliðum. Hjúkrunarfræðingar eru á sólarhringsbakkvöktum allan ársins hring (Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 2010).

Aðferð

Þátttakendur

Í þessari könnun var unnið með þýði sem fengið var úr Þjóðskrá Íslands þann 13. júlí 2012, eða alla íbúa í póstnúmeri 190 Voga á Vatnsleysuströnd sem voru 67 ára eða eldri. Fjöldi í þýði var 92 alls, þar af 40 konur og 52 karlar en 20 hjón voru í þýðinu. Líkt og sést í töflu 1 var svarhlutfall 66,3%. Þegar brottfall var dregið frá þýði, það er þeir sem voru annað hvort fluttir úr sveitarfélaginu eða gátu ekki svarað vegna veikinda eða heilsufarsbrests, reiknaðist svarhlutfall 78,2%.

Tafla 1. Yfirlit svörunar og brottfalls í könnun.

	Fjöldi	Svarhlutfall í þýði	Svarhlutfall meðal þátttakenda
Tók þátt í könnun	61	66,3%	78,2%
Neitar að svara	16	17,4%	20,5%
Næst ekki í	1	1,1%	1,3%
Samtals	78		100%
Flutt/ur	3	3,3%	
Getur ekki svarað vegna veikinda/heilsufarsbrests	11	12,0%	
Alls	92	100%	

Líkt og sést í töflu 2 voru þátttakendur könnunar 61 alls. Þar af voru 28 konur og 33 karlar. Þátttakendur voru á aldrinum 67 til 90 ára og var meðalaldur svarenda 74,5 ár (staðalfrávik = 5,8). Hlutfall svarenda karla (54%) og kvenna (46%) var hið sama og kynjaskipting í þýðinu, en ívið fleiri karlar og konur voru í yngri hóp en þeim eldri. Að auki voru aðeins fleiri karlar í eldri hóp, heldur en konur.

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda í könnun, eftir kyni og aldurshópum.

		67-75 ára	76 ára og eldri	Alls
Karlar	Fjöldi	19	14	33
	Hlutfall	31,1%	23%	54,1%
Konur	Fjöldi	18	10	28
	Hlutfall	29,5%	16,4%	45,9%
Alls		37/60,7%	24/39,3%	61/100%

Mælitæki

Mælitæki könnunarinnar var listi af samtals 48 spurningum (sjá viðauka A). Við gerð spurningalistans var hafður til hliðsjónar spurningalisti Velferðarráðuneytis, *Hagir og viðhorf eldri borgara* (Ásdís G. Ragnarsdóttir, Ólafur Már Sigurðsson og Matthías Þorvaldsson, 2007) og spurningalisti Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, *Félagsleg þjónusta – viðhorf notenda* (Brynhildur Barðadóttir og Sigríður Jónsdóttir, 2008). Spurningalistinn skiptist gróflega í sjö

flokka. Þeir voru; heimsendur matur, heimaþjónusta, Álfagerði/Félag eldri borgara á Suðurnesjum, heimahjúkrun, húsnæðismál, fararmáti/félagsleg samskipti og ánægja almennt. Að auki voru átta bakgrunnsspurningar í lok listans. Spurt var hvort þátttakendur nýttu tiltekna þjónustu, könnuð var ánægja með þá þjónustu sem var metin eftir fimm punkta kvarða og hvernig var hægt að bæta þessa tilteknu þjónustu. Alls voru sjö spurningar sem gáfu þátttakendum kost á að gefa opin svör. Listinn var lesinn yfir af sérfræðingum og forprófaður á karli og konu sem bæði voru eldri en 67 ára og frá Vogum.

Framkvæmd

Undirbúningur, öflun upplýsinga um stöðu málaflokks eldri borgara í sveitarfélögum, gerð spurningalista og forprófun hans fór fram dagana 4. júní til 18. júlí. Á því tímabili fór starfsmaður í tvær heimsóknir í Voga. Í fyrri heimsókn var farið í stutta leiðsöguferð um sveitarfélagið og húsnæði Álfagerðis skoðað. Einnig hitti starfsmaður þar frístunda- og menningarfulltrúa Voga, auk þess að funda með bæjarstjóra Sveitarfélagsins um helstu markmið könnunarinnar, sem og hvaða þjónusta væri í boði fyrir eldra fólk í Vogum. Í seinni heimsókn fékk starfsmaður aðstöðu á bæjarskrifstofu Voga til þess að hringja og forprófa spurningalistann.

Þessi rannsókn var tilkynnt til Persónuverndar (tilvísun nr. S5839) með tilvísan í lög nr. 77/2000 um persónuupplýsingar og persónuvernd. Höfundar skýrslu sáu um að skrifa kynningarbréf (sjá viðauka B) sem sveitarfélagið sendi þann 11. júlí til allra íbúa Sveitarfélagsins Voga eldri en 67 ára. Í bréfinu var könnunin og markmið hennar kynnt, tilgreint hvenær yrði byrjað að hringja vegna könnunar og óskað eftir þátttöku þeirra. Tekið var fram að þátttakendum bæri ekki skylda til þess að taka þátt og að ekki væri hægt að rekja svör til þeirra.

Þegar hringt var í fólk var könnunin kynnt stuttlega (sjá Viðauka C) og óskað eftir þátttöku viðkomandi. Lögð var áhersla á vingjarnlegt og hlýlegt viðmót, kurteisi, þolinmæði og skilning gagnvart viðmælendum. Spyrill hafði reynslu af úthringingum hjá Capacent Gallup. Gagnaöflun fór fram í gegnum síma dagana 19. júlí til 20. ágúst, sem og hluti af skýrslugerð. Úrvinnsla og lok á skýrslugerð fór fram dagana 20. ágúst til 21. september 2012.

Niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar voru teknar saman í töflur og ritað mál. Byrjað var á að skoða bakgrunn þátttakenda og því næst niðurstöður allra flokka könnunarinnar.

Bakgrunnur þátttakenda

Líkt og sést í töflu 3 var meiri en helmingur þátttakenda á aldrinum 67-75 ára. Tveir þriðjungar voru giftir eða í sambúð og flestir þátttakendur bjuggu með annarri manneskju. Tæplega þriðjungur þátttakenda bjó einn. Fæstir stunduðu ennþá launaða vinnu en þó voru tæplega 12% sem voru í fullu starfi eða hlutastarfi. 65% þátttakenda svöruðu spurningu um ráðstöfunartekjur heimilisins. Hjá 75% þeirra voru ráðstöfunartekjur heimilisins 200 þúsund krónur eða hærra, að jafnaði á mánuði og 25% voru með lægra en 200 þúsund krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur. Um 80% þátttakenda sögðu að heilsufar þeirra væri almennt frekar eða mjög gott, en um 12% sögðu að heilsufar þeirra væri frekar eða mjög slæmt. Rúmlega 70% þátttakenda bjuggu í eigin húsnæði, aðrir bjuggu í íbúð Búmannna eða leiguhúsnæði.

Tafla 3. Bakgrunnur þátttakenda

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
67-75 ára	37	60,7%
76 ára og eldri	24	39,3%
Hjúskaparstaða		
Gift/ur eða í sambúð	41	67,2%
Ekkja eða ekkill	14	23,0%
Ógift/ur og ekki í sambúð	6	9,8%
Fjöldi á heimili samtals		
Einn	19	31,1%
Tveir	38	62,3%
Þrír eða fleiri	4	6,6%
Staða á vinnumarkaði		
Fullt starf	3	4,9%
Hlutastarf	4	6,6%
Stunda ekki launaða vinnu	53	86,9%
Ráðstöfunartekjur heimilis*		
0-199 þúsund	10	16,4%
200-299 þúsund	15	24,6%
300 þúsund eða hærra	15	24,6%
Almennt heilsufar		
Mjög eða frekar gott	49	80,3%
Hvorki né	5	8,2%
Mjög eða frekar slæmt	7	11,5%
Tegund húsnæðis		
Eigið húsnæði	44	72,1%
Búmannaiðbúð/leiguhúsnæði	17	27,9%

*Aðeins 40 þátttakendur svöruðu spurningu um ráðstöfunartekjur heimilisins.

Þjónusta sveitarfélags við eldra fólk í Vogum

Spurt var um þjónustu sem sveitarfélagið veitti eldra fólk. Líkt og sést í töflu 4 fengu fáir sendan heitan mat heim í hádegi á virkum dögum. Í niðurstöðum kom fram að tveir þátttakendur sem ekki fengu hádegismat höfðu frekar eða mjög mikinn áhuga á að nýta þá þjónustu. Níu þátttakendur fengu heimaþjónustu frá sveitarfélaginu. Í öllum tilfellum var um þrif að ræða og var þjónustan veitt vikulega eða á tveggja vikna fresti. Aðeins tveir þátttakendur sem ekki fengu heimaþjónustu töldu sig hafa frekar eða mjög mikla þörf fyrir hana. Fimm voru með öryggishnapp.

Tafla 4. Fjöldi þeirra sem fékk sendan mat heim, var með heimaþjónustu og/eða öryggishnapp.

Þjónusta	Já	Nei	Alls
Heimsendur matur	5	56	61
Heimaþjónusta	9	52	61
Öryggishnappur	5	56	61

Eins og sést í töflu 5 svöruðu 25 þátttakendur því að þeir þekktu félagsstarf í Álfagerði frekar eða mjög vel og svipaður fjöldi þekkti íbúðir í Álfagerði frekar eða mjög vel.

Tafla 5. Fjöldi þátttakenda sem þekkti íbúðir og félagsstarf í Álfagerði.

	Mjög eða frekar vel	Hvorki né	Mjög eða frekar illa	Veit ekki/neitar að svara
Félagsstarf	25	4	16	16
Íbúðir	26	7	18	10

Eins og sést í töflu 6 sóttu 25 manns félagsstarf eldra fólks í Álfagerði og þar af var 21 sem sótti starfið alla miðvikudaga. Það var um það bil sami fjöldi og þekkti félagslíf og íbúðir í Álfagerði.

Tafla 6. Fjöldi þátttakenda sem sótti félagsstarf eldra fólks í Álfagerði á miðvikudögum.

	Fjöldi
Alla miðvikudaga	21
1-3 í mánuði	4
Sjaldnar/aldrei	36
Alls	61

Þátttakendur voru spurðir um ánægju með þjónustu sem þeir páðu hjá sveitarfélaginu. Eins og sjá má í töflu 7 voru flestir sem fengu heimsendan mat frekar eða mjög ánægðir með þá þjónustu. Aðeins einn var frekar eða mjög óánægður. Allir þeir sem nýttu heimaþjónustu voru frekar eða mjög ánægðir með hana. Hið sama var ekki að segja um þá sem nýttu sér félagsstarfið í Álfagerði. Fleiri voru frekar eða mjög óánægðir, heldur en ánægðir, með félagsstarf eldra fólks í Álfagerði. Athygli vakti að aðeins rúmur helmingur þátttakenda tók afstöðu til spurningar um hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með þjónustu sem Vogar veitir eldra fólk, á heildina litið. Þar kom í ljós að helmingur svarenda var frekar eða mjög óánægður með hana og 39% voru frekar eða mjög ánægð með þjónustuna.

Tafla 7. Ánægja notenda með ýmsa þjónustu sem Sveitarfélagið Vogar veitir eldra fólki.

	Mjög eða frekar ánægð/ur	Hvorki né	Mjög eða frekar óánægð/ur	Veit ekki/neitar að svara
Heimsendur matur	4	0	1	0
Heimaþjónusta	9	0	0	0
Félagsstarf í Álfagerði	9	0	16	0
Starf FES	5	0	0	2
Þjónusta Voga fyrir eldra fólk, á heild lítið	14	4	18	25

Spurt var um áhuga fólks á annarri þjónustu en var í boði í Álfagerði. Í töflu 8 sést að þátttakendur virtust almennt hafa áhuga á því að sækja þá þjónustu og afþreyingu sem spurt var um. Á bilinu 31 - 35 þátttakendur hefðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að sækja hópleikfimi með kennara og/eða þjónustu fótaaðgerðafræðings. Um 25 þátttakendur hefðu frekar eða mjög mikinn áhuga á að sækja dans og/eða tréútskurð eða föndur. Á bilinu 10 - 15 þátttakendur hefðu frekar eða mjög mikinn áhuga á að sækja hópsamræður í umsjón fagaðila, þjónustu hárgreiðslumeistara og/eða fá heitan mat í hádegi á virkum dögum. Færri en 10 þátttakendur hefðu frekar eða mjög mikinn áhuga á að sækja fluguhnýtingar til gamans og/eða þjónustu snyrtifræðings.

Lítill munur var á áhuga kynjanna á mismunandi afþreyingu/þjónustu. Munurinn var þó aðeins meiri þegar spurt var um fluguhnýtingar, en fleiri karlar en konur höfðu frekar/mjög mikinn áhuga á því. Fleiri konur en karlar höfðu frekar/mjög mikinn áhuga á tréútskurði eða föndri og þjónustu snyrtifræðings. Sex þátttakendur, eða um 10% viðmælenda, töldu það vera frekar eða mjög líklegt að þeir myndu sækja félagsstarf í Álfagerði oft en þeir gera í dag, ef þeir fengju akstur til og frá heimili.

Tafla 8. Áhugi þátttakenda á því að sækja tiltekna þjónustu og afþreyingu ef slíkt væri í boði reglulega í Álíagerði. Flokkað eftir kyni.

Þjónusta/afþreying		Mjög eða frekar mikill áhugi	Hvorki né	Mjög eða frekar lítil áhugi	Samtals
Hópleikfimi	Karlar	14	2	15	31
	Konur	17	0	7	24
	Alls	31	2	22	55
Hópsamræður	Karlar	7	2	22	31
	Konur	8	4	13	25
	Alls	15	6	35	56
Fluguhnýtingar	Karlar	6	0	27	33
	Konur	1	0	27	28
	Alls	7	0	54	61
Tréútskurð/föndur	Karlar	10	1	20	31
	Konur	15	0	11	26
	Alls	25	1	31	57
Dans	Karlar	12	1	20	33
	Konur	14	1	13	28
	Alls	26	2	33	61
Hárgreiðslumeistari	Karlar	8	1	24	33
	Konur	5	0	17	22
	Alls	13	1	41	55
Fótaaðgerðafæðingur	Karlar	18	1	14	33
	Konur	17	2	8	27
	Alls	35	3	22	60
Snyrtifæðingur	Karlar	2	1	30	33
	Konur	7	1	18	26
	Alls	9	2	48	59
Heitur matur	Karlar	6	1	26	33
	Konur	4	0	23	27
	Alls	10	1	49	60

Allir þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri um hvernig Sveitarfélagið Vogar gæti bætt félagsstarfið í Álíagerði. Til viðbótar við það sem kom fram í fyrri svörum, nefndu þátttakendur ýmsar aðrar hugmyndir um hvernig sveitarfélagið gæti bætt félagsstarfið. Nefndur var bókaklúbbur, sundleikfimi með kennara, bingó, gönguklúbbur, leikhúsferðir, botsia, fastar vorferðir, þorablót, upplestur á sögu og tölvukennsla fyrir eldri borgara. Lögð var áhersla á meiri hreyfingu eldra fólks undir leiðsögn kennara. Talað var um að fá fjölbreyttara starf í Álíagerði undir handleiðslu nýs, ungs og menntaðs starfsmanns. Nefnd var hugmynd að hafa markað á vorin þar sem fólk gæti selt þrjónavörur og fleira. Þannig væri til dæmis hægt að safna í einhvers konar ferðasjóð eldra fólks. Hægt væri að fá söngvara eða dansara til að koma og eiga þannig stund í Álíagerði. Einnig harmonikkuleikara einu sinni í mánuði þannig að fólk hafi ástæðu til að fara í betri fót og koma saman. Talað var

um óánægju með að fyrri starfsmanni hafi verið sagt upp. Nokkrir töluðu um að auka þyrfti áhuga eldra fólks, og mikilvægi þess að fólk hefði áhuga sjálft.

Þá voru þátttakendur spurðir hversu mikla eða litla þörf þeir teldu vera á öldungaráði í Vogum, skipuðu 3 - 5 fulltrúum eldra fólks. Líkt og sést í töflu 9 taldi meirihluti þátttakenda vera frekar eða mjög mikla þörf á öldungaráði í Vogum. Einnig var spurt hversu mikla eða litla þörf þátttakendur töldu vera á því að auka þjónustu sveitarfélagsins við eldra fólk. Um helmingur þátttakenda taldi vera frekar eða mjög mikil þörf á því að auka þjónustuna, en athygli vakti að 26 manns tóku ekki afstöðu til þess.

Tafla 9. Hversu mikla eða litla þörf þátttakendur töldu vera á öldungaráði og aukinni þjónustu við eldra fólk í Vogum.

	Mjög eða frekar mikil þörf	Hvorki né frekar lítil þörf	Mjög eða frekar lítil þörf	Veit ekki/neitar að svara
Öldungaráð	45	3	3	10
Auka þjónustu við eldra fólk	32	1	2	26

Þeir þátttakendur sem töldu þörf á því að auka þjónustu við eldra fólk frekar eða mjög mikla svöruðu spurningu um hvaða þjónustu þeir vildu að sveitarfélagið myndi auka. Þrátt fyrir spurningar á undan um bætt félagsstarf í Álfagerði, var aftur nefnt hér að bæta þyrfti þjónustuna með meiri samveru og jákvæðni, einnig að auglýsa mætti starfið betur. Aftur var talað um að fá nýjan starfsmann í Álfagerði. Einnig var nefnt að það vantaði hjúkrunarfræðing og einhvern starfsmann til að líta inn hjá íbúum. Talað var um að gera þyrfti fólki kleift að búa heima sem lengst við eðlilegar aðstæður. Nefnt var að gott væri ef boðið væri upp á garðslátt og hlúð væri að húsum eldra fólks. Lögð var áhersla á að boðið væri upp á hreyfingu. Talað var um að fá betri verslun, apótek, tíðari lækniþjónustu og aukinn mokstur á veturna.

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir kæmst ferða sinna og áttu langflestir bíl, eða 54, en aðrir komust ferða sinna með vinum eða ættingjum.

Húsnæðismál

Flestir þátttakendur töldu frekar eða mjög líklegt að þeir myndu búa til framtíðar í Vogum, þegar þeir voru beðnir um að meta það eins og staða þeirra er í dag. Flestir þátttakendur sögðu að húsnæðið sem þeir bjuggu í hentaði þeim frekar eða mjög vel. Tveir áformuðu að skipta um húsnæði á næstu 12 mánuðum, en hvorugur þeirra hafði áhuga á því að flytja í Álfagerði. Þegar spurt var um ástæðu fyrir litlum áhuga var ýmist sagt að viðkomandi vildi flytja úr sveitarfélaginu eða að engin sérstök ástæða væri fyrir því.

Spurt var hvort það væri eitthvað sem þátttakendur vildu koma á framfæri varðandi húsnæðismál eldra fólks í Vogum. Í svörum kom fram að íbúðirnar væru huggulegar, aðgengilegar og þar væri gott að vera. Talað var um að aðstaða væri til staðar fyrir félagslíf í

Álfagerði en hún væri ekki nógu vel nýtt. Margir töluðu um að glergangur í Álfagerði væri illa hannaður – hann læki í rigningu og þar hitnaði mikið í sól. Talað var um að í Álfagerði ætti að vera mögulegt að fá alla þá þjónustu sem eldra fólk þarf á að halda og þar þyrfti að auka viðhaldsþjónustu. Þá kom einnig fram að ef byggð yrði blokk fyrir eldra fólk væri það betri kostur en Álfagerði, en þar þyrfti að vera viðeigandi þjónusta í boði. Fram kom ábending um Grenivík og Hveragerði sem fyrirmyndarbæi í húsnæðismálum eldra fólks. Nefnt var að Búmannabúðir væru dýrar og einnig var nefnt að fasteignagjöld væru of há. Talað var um að í Vogana vantaði dvalarheimili svo fólk þyrfti ekki að fara úr sveitarfélaginu til þess að fara á slíkt heimili. Nefnt var að vel væri hugsað um leik- og grunnskólabörn en ekki eins vel um eldra fólk. Einnig var talað um að huga þyrfti betur að því að taka rusl frá húsum.

Félag eldri borgara á Suðurnesjum (FES)

Alls var 41 þátttakandi (61%) félagsmaður í Félagi eldri borgara á Suðurnesjum (FES). Þeir 20 sem ekki voru félagsmenn voru spurðir um ástæðu fyrir því. Margir sögðu að fyrir því væri engin sérstök ástæða, einhverjir nefndu áhuga- og framkvæmdaleysi. Talað var um tímaskort og að hafa nóg að gera með áhugamál sín og einnig að þekkja engan í Keflavík og að fjarlægðin þangað væri of mikil. Sumir voru svo nýlega hættir að vinna að þeir höfðu ekki hugsað út í það að gerast félagsmenn. Aðrir sögðust ekki hafa kynnt sér félagið en að þeir myndu vilja heyra frá því.

Af félagsmönnum í FES voru samtals níu sem sóttu félagsstarf félagsins, þar af fjórir sem sóttu starfið einu sinni í viku eða oft og fimm sem sóttu starfið einu sinni í mánuði eða sjaldnar/aldræi. Spurðir um hvaða starf FES félagsmenn sæktu, nefndu flestir dans, nokkrir nefndu félagsvist, pútt, leikhús, harmonikkuböll og opið hús kvenfélaga á Suðurnesjum. Einnig voru nefndar skipulagðar ferðir og árs hátíð. Alls voru fimm af þeim sem sóttu starf FES sem sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með starfið, aðrir töldu sig ekki geta sagt til um það vegna þess hversu sjaldan þeir sóttu starfið.

Þeir félagsmenn sem ekki sóttu starf Félags eldri borgara á Suðurnesjum voru spurðir um ástæðu fyrir því að þeir gerðu það ekki. Nefndar voru margar ástæður, til dæmis að erfitt væri að komast til Keflavíkur vegna bílleysis, vegna þess að dýrt væri að keyra þangað og ekki væri hægt að ganga að mislægu gatnamótunum til að taka rútu til Keflavíkur. Talað var um litla eða enga þörf á því að sækja starfið, einnig var talað um áhugaleysi og leti. Þátttakendur sögðust hafa nóg annað fyrir stafni í Álfagerði og hafa önnur áhugamál. Talað var um að starf FES væri illa auglýst, en nefndur var áhugi á að sækja starfið um tvisvar í mánuði, og þá í skipulagðri hópferð frá Vogum. Þá nefndu þátttakendur að það væri slæmt að þurfa að mæta á Nesvelli í Keflavík ef fólk vildi fara með í ferðir á vegum FES, fólk vildi heldur að það yrði sótt til Voga. Einnig var nefnd sú ástæða að fólk hefði það mjög gott heima hjá sér, það væri heimakært og hefði nóg fyrir stafni.

Heimahjúkrun

Fjórir fengu heimahjúkrun á daginn. Þar af voru þrír sem voru frekar eða mjög ánægðir með þá þjónustu. Af þeim sem ekki fengu heimahjúkrun var enginn sem taldi sig hafa þörf á þeirri þjónustu.

Félagsleg samskipti og lokaorð þátttakenda

Nær allir þátttakendur sögðust eyða jafn löngum tíma einir og þeir vildu gera, fimm sögðust eyða miklu eða nokkru meiri tíma einir, en þeir vildu gera, og þrír sögðust eyða nokkru eða miklu minni tíma einir en þau vildu gera. Líkt og sést í töflu 10 fóru flestir reglulega í heimsókn til fjölskyldu og vina, eða fengu sjálfir heimsókn frá fjölskyldu og vinum. Fjórir fengu sjaldnar en einu sinni í mánuði, eða aldrei, heimsókn eða fóru sjálfir í heimsókn. Líkt og sést í töflu 10 voru flestir í reglulegu símasambandi við fjölskyldu og vini, en aðeins sjö voru í símasambandi einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði.

Tafla 10. Tíðni heimsókna og símasambands þátttakenda við fjölskyldu og vini.

	Daglega eða oftar	Einu sinni í viku eða oftar	1-3 í mánuði	Sjaldnar/ aldrei	Veit ekki /neitar að svara
Heimsóknir	14	29	12	4	3
Símasamband	26	27	7	0	1

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri að lokum og sögðu margir svipaða hluti og þeir höfðu sagt í öðrum opnum svörum í könnuninni. Þónokkur ánægja var með það framtak sveitarfélagsins sem könnunin var og von um að niðurstöðurnar yrðu nýttar eins og sagt var – til stefnumótunar. Sagt var frá því að fólk ætti stundum í vandræðum með að komast til Keflavíkur í þjónustu þar – til læknis, í búð og apótek. Nefnt var að þörf væri á því að hafa í boði akstur í búð. Talað var um að það væru mannréttindi að komast úr Vogunum, að stundum þurfi fólk að taka leigubíl til þess að komast til læknis í Keflavík. Nefnt var að það þyrfti að taka á því í Vogum að hundar gangi lausir – setja reglur um það og framfylgja þeim. Nokkrir nefndu óánægju með há fasteignagjöld. Nefnt var hversu ergjandi það væri hversu miklar kröfur fólk gerir á aðra í samfélaginu. Talað var um að réttur eldri borgara ætti að vera virtur og það ætti hver bæjarstjórn að sjá um. Nefnt var að bæjarstjórnin stæði sig ekki nógu vel, það væri ekki heilbrigt að byggja 90 milljóna króna íþróttavöll. Að það vantaði fullorðið fólk í bæjarstjórn. Til dæmis hafi fólk lent í hremmingum með veðrið í vor en engin viðbrögð fengið hjá bæjarstjórn. Talað var um að það væri voða lítið hægt að gera í Vogum, að það þyrfti að finna upp á einhverju skemmtilegu fyrir ferðamenn að gera þar.

Umræða

Með niðurstöðum úr þessu verkefni er komin kortlagning að þeirri þjónustu sem eldra fólk í Vogum nýtir, mat þeirra á þjónustunni og tillögur þeirra að úrbótum. Óhætt er að álykta um hóp eldra fólks í Vogum út frá þátttakendum í könnuninni, bæði vegna hás svarhlutfalls (78%) og vegna þess að hér var könnun gerð í öllu þýðinu, þ.e. meðal allra eldri íbúa.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að fá fram mat þátttakenda á þeirri þjónustu sem þeir fengu. Niðurstöður sýndu að minna en 15% þátttakenda fengu heimsendan mat, heimaþjónustu, heimahjúkrun eða voru með öryggishnapp. Nær allir sem fengu þessa þjónustu voru ánægðir með hana. Flestir töldu líklegt að þeir myndu búa til framtíðar í Vogum og örfáir áformuðu að skipta um húsnæði á næstu 12 mánuðum. Nokkrar ábendingar fengust um íbúðir í Álfagerði, sem aðallega sneru að leka og hita í glergöngum, smæð íbúða og vöntun á viðhaldi húsnæðisins.

Athygliverðar niðurstöður fengust um mat þátttakenda á þjónustu í Álfagerði. Markmiðinu var náð um að fá fram mat þátttakenda á þjónustu í Álfagerði og tillögur um hvernig má bæta starfið þar. Um 40% þátttakenda sóttu félagsstarf í Álfagerði reglulega en flestir (sem það sóttu) voru óánægðir með það. Helstu ástæður fyrir því var lítil fjölbreytni í starfinu og starfsmannamálefni. Það er ljóst að þátttakendur voru almennt frekar áhugasamir um að starfið í Álfagerði yrði bætt með ýmsu móti. Sumir höfðu mótaðar skoðanir á því hvernig það mætti gera, en einnig voru aðrir sem höfðu lítið um þetta að segja ýmist vegna þess að þeir nýttu enga þjónustu, voru nokkuð ánægðir, eða jafnvel bara nýlega komnir á eftirlaunaaldur og ekki farnir að hafa áhuga á starfi eldra fólks ennþá.

Hugmyndir um bætt félagsstarf í Álfagerði voru margvíslegar og eitthvað sem nýta mætti til stefnumótunar í starfsemi Álfagerðis. Fólk nefndi, til viðbótar við þær hugmyndir sem nefndar voru í könnuninni, bingó, harmonikkuball, kvöldvöku, fastar vorferðir, árshátíð, þorablót, sönghóp og bókaklúbb. Athygli vakti hversu ríka áherslu fólk lagði á að það hefði kost á einhvers konar hreyfingu í hópi með kennara. Það var áhugasamt um leikfimi í Álfagerði, sundleikfimi og gönguhópa – allt með kennara eða leiðsögumanni. Til að mynda sögðust 35 þátttakendur hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á því að sækja hópleikfimi í Álfagerði, ef það væri í boði. Einnig höfðu yfir 30 manns frekar eða mjög mikinn áhuga á því að nýta þjónustu fótaaðgerðafræðings, ef hún væri í boði í Álfagerði. Þessi mikli áhugi gefur ástæðu til þess að kanna möguleika á að bjóða upp á slíka hreyfingu og/eða þjónustu í Álfagerði. Um 10% þátttakenda sögðust telja frekar eða mjög líklegt að þeir myndu sækja félagsstarf í Álfagerði oft en þau gera í dag, ef þau fengju akstur. Þegar horft er á hversu stutt er á milli staða innanbæjar í Vogum og hversu margir eiga bíl eru þessi 10% þátttakenda þó nokkuð hlutfall og mikilvægt að skoða hvernig hægt er að auðvelda fólki leið sína í Álfagerði.

Þegar bakgrunnur þátttakenda var kannaður kom í ljós að fjórir töldu sig eyða nokkuð eða miklu meiri tíma einir en þeir myndu vilja gera. Þrátt fyrir að þetta sé aðeins um 7% af svarhópnum er mikilvægt að huga að því að innan hópsins er fólk sem þarf hugsanlega á

auknum félagsskap að halda og fyrir þetta fólk þarf að finna lausnir. Ef til vill á fólkið fáa ættingja eða vini í sveitarfélaginu, það gæti átt erfitt með að komast frá heimili, einhver heilsufarsleg vandamál gætu verið til staðar o.fl. Aukin samskipti milli sveitarfélags og eldra fólks í gegnum öldungaráð gætu komið af stað lausnum á borð við að eldra fólk í yngri hluta hópsins tæki að sér óformlega aðstoð við annað eldra fólk, svo sem við akstur, upplýsingamiðlun og minniháttar erindi í búðir o.þ.h. Ef það dugar ekki gæti komið til kasta formlegrar þjónustu.

Fólk virtist almennt fremur vilja nýta félagsstarf í Vogum ef því yrði breytt, heldur en að fara til Keflavíkur í félagsstarf Félags eldri borgara á Suðurnesjum. Fólk talaði um að gott væri ef félagsstarf FES væri auglýst betur, skipulagðar ferðir yrðu farnar til Keflavíkur á þeim tíma sem starfið færi fram eða að einhver starfsemi félagsins færi stundum fram í Vogunum.

Kynjaskipting í hópnum 67 ára og eldri í Vogum vakti athygli. Konur eru í meirihluta í þeim hópi þegar allt Ísland er skoðað en karlar eru í meirihluta í þessum hóp í Vogum, eins og tafla 11 sýnir. Sama gildir um þátttakendur í könnuninni. Þetta hlutfall þarf að hafa í huga þegar unnið er að úrbótum í þjónustu við eldra fólk í Vogum.

Tafla 11. Hlutfall karla og kvenna í hópi 67 ára og eldri.

	Karlar	Konur
Landið allt	45,50%	54,50%
Vogar	53,10%	45,9%
Þátttakendur	54,10%	45,90%

Meirihluti (75%) eldra fólks í Vogum sagði heildartekjur heimilisins vera 200 þúsund krónur eða meira á mánuði og 25% sögðust vera með lægra en það. Þessi skipting í tekjuflokka helst sennilega í hendur við það að tveir þriðjungar þátttakenda voru giftir eða í sambúð og tæp 70% sögðust búa tvö eða fleiri á heimili.

Þessi könnun getur nýst við stefnumótun í félagsstarfi eldra fólks í Vogum. Athygli vakti að um 40% tóku ekki afstöðu til þess hvort þeir teldu þörf á því að sveitarfélagið myndi auka þjónustu við eldra fólk. Svipað hlutfall tók ekki afstöðu til ánægju með þjónustu sem sveitarfélagið veitir eldra fólki. Hugsanleg ástæða fyrir því var að fólk hafði ekki nýtt þá þjónustu sem í boði var fyrir eldra fólk og taldi sig því ekki hafa forsendur til þess að svara þessum spurningum.

Heimildir

- Ásdís G. Ragnarsdóttir, Ólafur Már Sigurðsson og Matthías Þorvaldsson. (2007, janúar). *Hagir og viðhorf eldri borgara*. Sótt 7. júní 2012 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Rannsokn-a-hogum-eldri-borgara-2007-landid-allt.pdf>
- Brynhildur Barðadóttir og Sigríður Jónsdóttir. (2008, mars). *Félagsleg heimaþjónusta – viðhorf notenda*. Sótt 7. júní 2012 af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/rannsoknir_kannanir/Konnun_um_vidhorf_til_heimathjonustu_2008.pdf
- Búmenn. (e.d.). *Stórheimili í Vogum*. Sótt 10. ágúst 2012 af <http://bumenn.is/stadir/storheimili-vogar.htm>
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. (2010). *Heimahjúkrun*. Sótt 18. júní 2012 af http://hss.is/index.php?option=com_content&view=article&id=83&Itemid=96
- Sveitarfélagið Vogar. (2007, júní). *Reglur um félagslega heimaþjónustu í Sandgerðisbæ, Garði og Vogum*. Sótt 22. Júní 2012 af http://vogar.is/resources/Files/213_Reglu-felheimathj.pdf
- Sveitarfélagið Vogar. (2008, mars). *Stórheimilið Álfagerði vígt*. Sótt 7. ágúst 2012 af <http://www.vogar.is/frettir/535/default.aspx>.
- Sveitarfélagið Vogar. (e.d.). *Vogastræto*. Sótt 10. ágúst 2012 af <http://www.vogar.is/straeto/>
- Tómstundastarf aldraðra Reykjanesbæ. (e.d.). Dagskrá vetrarins. Sótt 7. ágúst 2012 af http://aldradir.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat_id=3

Viðauki A

Sp. 1 Færð þú sendan hádegismat heim frá sveitarfélaginu Vogum?

Já

Nei

Ég vissi ekki að það væri í boði.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 2 (**Ef já**) Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með matarþjónustu?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki né

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Veit ekki/neitar að svara

Athugið. Ef viðmælandi hefur athugasemdir varðandi matinn sjálfan, þá skrifa hér.

Sp. 3 (**Ef nei við sp. 1**) Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að nýta þér þjónustuna að fá sendan heitan mat heim í hádeginu?

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 4 Færð þú heimaþjónustu á vegum sveitarfélagsins Voga?

Já

Nei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 5 (**Ef já**) Hversu oft að jafnaði færð þú heimaþjónustu á vegum sveitarfélagsins Voga?

Alla daga vikunnar

Alla virka daga

2-4 sinnum í viku

Vikulega

Hálfsmánaðarlega eða sjaldnar

Aldrei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 6 (**Ef já**) Hvað er innifalið í þeirri heimaþjónustu sem þú færð?

Opið svar.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 7 (**Ef já**) Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá heimaþjónustu sem þú færð frá sveitarfélaginu Vogum?

mjög ánægð/ur

frekar ánægð/ur

Hvorki né

frekar óánægð/ur

mjög óánægð/ur

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 8 (**Ef nei**) Hversu mikla eða litla þörf telur þú þig hafa fyrir heimaþjónustu?

Mjög mikla

Frekar mikla

Hvorki né

Frekar litla

Mjög litla

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 9 Hversu vel eða illa þekkir þú Álfagerði þar sem félagsstarf eldra fólks í Vogum fer fram?

Mjög vel

Frekar vel

Hvorki né

Frekar illa

Mjög illa

Ég bý þar.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 10 Hversu oft í mánuði sækir þú félagsstarf eldra fólks í Álfagerði á miðvikudögum,
Alla miðvikudaga.

Þrisvar sinnum í mánuði.

1-2 í mánuði.

Sjaldnar/aldrei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 11 (**Ef viðkomandi tekur þátt**) Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagsstarf
fyrir eldra fólk í Álfagerði?

mjög ánægð/ur

frekar ánægð/ur

Hvorki né

frekar óánægð/ur

mjög óánægð/ur

Þekki ekki félagsstarfið í Álfagerði

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 12 (**Allir**) Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefðir þú á að sækja eftirfarandi tómstundastarf
eða afþreyingu í Álfagerði, ef það væri í boði reglulega?

Hóptíma þar sem leikfimi væri iðkuð undir leiðsögn íþróttakennara?

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Hópsamræður í umsjón félagsráðgjafa, iðjuþjálfara eða starfsmanns með svipaða menntun?

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Fluguhnýtingar til gamans

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Tréútskurð eða föndur til gamans?

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

dans með undirspili

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

þjónustu hárgreiðslumeistara gegn gjaldi

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

þjónustu fótaaðgerðafræðings gegn gjaldi

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

þjónustu snyrtifræðings gegn gjaldi

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

heitan mat í hádegi á virkum dögum gegn gjaldi

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 13 **(Ef býr ekki í Álfagerði)** Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú vera að þú myndir sækja félagsstarf eldra fólks í Álfagerði oftar en þú gerir í dag ef þú fengir akstur til og frá heimili?

Mjög líklegt

Frekar líklegt

Hvorki né

Frekar ólíklegt

Mjög ólíklegt

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 14 Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um hvernig sveitarfélagið Vogar getur bætt félagsstarf eldra fólks í Álfagerði?

Opið svar

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 15 Ert þú félagsmaður í Félagi eldri eldri borgara á Suðurnesjum?

Já

Nei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 16 **(Ef já)** Hvaða starf Félags eldri borgara á Suðurnesjum sækir þú helst?

Nefna 1-2 atriði

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 17 (**Ef eitthvað, spyrja. Ef ekkert, sjá sp. 19**) Hversu oft að jafnaði sækir þú starf Félags eldri borgara á Suðurnesjum?

Daglega eða oftar

Nokkrum sinnum í viku

Einu sinni í viku

2-3 í mánuði

Einu sinni í mánuði

Sjaldnar/Aldrei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 18 (**Ef já, ef sækir starfið**) Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með starf Félags eldri borgara á Suðurnesjum?

mjög ánægð/ur

frekar ánægð/ur

Hvorki né

frekar óánægð/ur

mjög óánægð/ur

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 19 (**Ef ekkert**) Hver er ástæðan fyrir því að þú sækir ekki starf Félags eldri borgara á Suðurnesjum?

Opið svar

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 20 (**Ef nei**) Hvers vegna ertu ekki félagsmaður í Félagi eldri borgara á Suðurnesjum?

Opið svar.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 21 Telur þú að það sé mikil eða lítil þörf fyrir öldungaráð í Vogum? Hlutverk öldungaráðs væri meðal annars að taka þátt í skipulagi á félagsstarfi eldra fólks í Vogum og efla samskipti og samvinnu á milli eldra fólks í Vogum og víðar á Suðurnesjum. Í ráðinu myndu sitja 3-5 kjörnir fulltrúar eldra fólks.

Mjög mikil

Frekar mikil

Hvorki né

Frekar lítil

Mjög lítil

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 22 Færð þú heimahjúkrun á daginn, á kvöldin eða um helgar? **(Haka við allt sem á við)**

Já, á daginn.

Já, á kvöldin.

Já, um helgar.

Já, á daginn og á kvöldin.

Já, á daginn og um helgar.

Já, á kvöldin og um helgar.

Já, á daginn, kvöldin og um helgar.

Nei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 23 **(Ef já)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá heimahjúkrun sem þú færð?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki né

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 24 **(Ef nei)** Telur þú þig þurfa á heimahjúkrun að halda á daginn, kvöldin eða um helgar?
(Haka við allt sem á við)

Já, á daginn.

Já, á kvöldin.

Já, um helgar.

Já, á daginn og á kvöldin.

Já, á daginn og um helgar.

Já, á kvöldin og um helgar.

Já, á daginn, kvöldin og um helgar.

Nei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 25 Hversu vel eða illa hentar húsnæðið sem þú býrð í í dag?

Mjög vel

Frekar vel

Hvorki né

Frekar illa

Mjög illa

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 26 Ert þú með öryggishnapp þar sem þú býrð? (það er félagsþjónustan í Sandgerði, Vogum og Garði sem sér um þetta mál).

Já

Nei

Þekki ekki öryggishnapp.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 27 Áformar þú að skipta um húsnæði á næstu 12 mánuðum?

Já

Nei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 28 Hversu vel eða illa þekkir þú íbúðir í Álfagerði, sem eru í eigu Búanna

Mjög vel

Frekar vel

Hvorki né

Frekar illa

Mjög illa

Ég bý þar

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 29 (**Ef já við sp. 27**) Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að flytja í íbúð í Álfagerði á næstu 12 mánuðum?

Mjög mikinn

Frekar mikinn

Hvorki né

Frekar lítinn

Mjög lítinn

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 30 (**Ef frekar/mjög lítinn**) Hver er ástæðan fyrir því að þú hefur lítinn áhuga á að flytja í íbúð í Álfagerði á næstu 12 mánuðum?

Opið svar.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 31 Myndir þú segja að það væri líklegt eða ólíklegt að þú búir til framtíðar í Vogum, eins og staða þín er í dag?

Mjög líklegt

Frekar líklegt

Hvorki né

Frekar ólíklegt

Mjög ólíklegt

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 32 Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi húsnæðismál eldra fólks í Vogum?

Opið svar.

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 33 Hvernig kemst þú ferða þinna?

Í strætisvagni

Í eigin bíl

Með barni/börnum

Gangandi

Með akstursþjónustu eldri borgara

Með vinum/ættingjum

Í leigubíl

Annað

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 34 Hversu oft að jafnaði koma börn, ættingjar og vinir í heimsókn eða þú ferð í heimsókn til þeirra?

Daglega eða oft

Nokkrum sinnum í viku

Einu sinni í viku

2-3 í mánuði

Einu sinni í mánuði

Sjaldnar/Aldrei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 35 Hversu oft ertu í símasambandi við börn, ættingja og vini?

Daglega eða oft

Nokkrum sinnum í viku

Einu sinni í viku

2-3 í mánuði

Einu sinni í mánuði

Sjaldnar/Aldrei

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 36 Eyðir þú meiri tíma, minni tíma eða jafnlöngum tíma ein(n) og þú vildir?

Miklu meiri tíma

Nokkru meiri tíma

Jafnlöngum

Nokkru minni tíma

Miklu minni tíma

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 37 Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá þjónustu sem sveitarfélagið Vogar veitir eldra fólki?

mjög ánægð/ur

frekar ánægð/ur

Hvorki né

frekar óánægð/ur

mjög óánægð/ur

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 38 (**Allir**) Hversu mikla eða litla þörf telur þú vera á því að auka þjónustu sveitarfélagsins Voga við eldra fólk?

Mjög mikla þörf

Frekar mikla þörf

Hvorki né

Frekar litla þörf

Mjög litla þörf

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 39 (**Ef mjög/frekar mikla þörf**) Hvaða þjónustu viltu að sveitarfélagið auki við eldra fólk?

Opið svar

Veit ekki/neitar að svara

Bakgrunnsspurningar (aftast), kynning á þeim: Að lokum vil ég spyrja nokkurra spurninga sem tengjast meðal annars búsetu, tekjum og fleiru.

Sp. 40 Kyn:

Karl

Kona

Sp. 41 Hvað ertu gamall/gömul?

_____ ára

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 42 Hver er hjúskaparstaða þín?

Gift(ur) eða í sambúð

Ekkja eða ekill

Ógift og ekki í sambúð

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 43 Hversu margir búa á heimilinu, að þér meðtaldri/-töldum?

Einn

Tveir

Þrjú eða fleiri

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 44 Hver er staða þín á vinnumarkaði?

Fullt starf

hlutastarf

sjálfboðaliðastarf

29

Stunda ekki launaða vinnu

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 45 Hversu háar eru ráðstöfunartekjur heimilisins að jafnaði á mánuði?

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 46 Myndir þú segja að heilsufar þitt sé almennt gott eða slæmt?

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki né

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Veit ekki/neitar að svara

Sp. 47 Þýrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, íbúð í eigu Búmannanna eða á hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða?

Eigin húsnæði

Leiguhúsnæði

Þjónustuíbúð í eigu Búmanns

Hjúkrunar- eða dvalarheimili

Hjá börnum

Veit ekki/neitar að svara

Er eitthvað að lokum sem þú vildir koma á framfæri?

ENDIR: Þá er spurningum lokið og vil ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna.

Viðauki B



Ágæti viðtakandi.

Í sumar verður gerð könnun meðal eldra fólks í Sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd. Verkefnið er samstarf milli sveitarfélagsins Voga og Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðilar eru Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri RBF og Halldór S. Guðmundsson, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands (HÍ), og hafa þau yfirumsjón með verkefninu. Erla Karlsdóttir, sálfræðinemi mun framkvæma könnunina og annast úrvinnslu gagna undir handleiðslu ábyrgðaraðila.

Markmiðið er að kanna viðhorf eldra fólks til þjónustu í sveitarfélaginu Vogum, fá fram mat notenda á þjónustunni sem þeir nýta, þörf fyrir frekari þjónustu og ábendingar og tillögur um þá þjónustu sem er í boði sem og hvort skortir frekari þjónustu. Hringt verður í alla íbúa 67 ára og eldri í sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd og leitað eftir þátttöku þeirra í könnunni. Hringt verður frá 19. júlí 2012 á milli klukkan 10-15 á virkum dögum. Í framhaldi af því verður unnið úr gögnum og niðurstöður kynntar sveitarstjórn Voga. Niðurstöður verða birtar í skýrslu sem áformað er að nýta við stefnumótun í málefnum eldra fólks og því von okkar að flestir sjái sér hag í að taka þátt og hafa þannig áhrif á stefnumótun þjónustunnar.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar. Ekki verður hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda og öllum gögnum verður eytt að úrvinnslu lokinni. Þátttaka hvers og eins er mikilvæg en það skal tekið fram að þér ber ekki skylda til þess að taka þátt og er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi könnunarinnar sem er.

Hafir þú spurningar um könnunina, er þér velkomið að hafa samband við Erlu, (í síma 525-5200 eða karlsdottir.erla@gmail.com) eða Elísabetu (í síma 525-5200 eða rbf@hi.is).

Reykjavík, 11. júlí 2012

Með þökk og von um þátttöku

Elísabet Karlsdóttir
Framkvæmdastjóri RBF

Erla Karlsdóttir
Nemi í Sálfræðideild HÍ

Viðauki C

Komdu sæl(l).

- RBF hefur verið falið að kanna viðhorf eldra fólks í sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd til þeirrar þjónustu sem það fær eða hefur þörf fyrir.
- Fékkst þú sent kynningarbréf heim um þessa könnun? (lesa bréfið ef viðkomandi hefur ekki fengið það).
- Hefur þú u.þ.b. 20-mínútur aflögu til þess að svara nokkrum spurningum?
- Áður en við byrjum vil ég taka það fram að þátttaka í könnuninni er frjál, þér ber ekki skylda til þess að svara einstaka spurningum og þér er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi könnunarinnar sem er.
- Þá er okkur ekkert að vanbúnaði en að hefjast handa (*eða eitthvað vingjarnlegt um að nú hefjist spurningar*)